

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 9. desember, var haldinn 256. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fjarverandi: Gunnar Valur Gíslason. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Breyting á stjórn
2. Gjaldskrármál
3. Hvað má fara í vagninn
4. Tímatöflur, stundvísi Strætó
5. Ábendingarkerfi Strætó
6. Vagnafloði Strætó
7. Vogahverfi - skiptistöð
8. Innri endurskoðun
9. Mælaborð Strætó janúar til nóvember 2016

Tekið fyrir:

1. Breyting á stjórn

Fyrir fundinum lá tilkynning frá Hafnarfjarðarbæ, þar sem kom á framfæri að Guðlaug Kristjánsdóttir, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, tæki sæti í stjórn Strætó sem fulltrúi Hafnarfjarðar í stað Einars Birkis Einarssonar, Hverfisgötu 42.

Stjórn og stjórnendur Strætó þakka Einari Birki vel unnin störf og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og þau bjóða Guðlaugu velkomna í stjórn Strætó.

2. Gjaldskrármál

Áframhaldandandi umræður um gjaldskrá Strætó.

Stjórn samþykkti að hækka gjaldskrá Strætó í takt við almenna verðlags hækkun á rekstrarkostnaði Strætó. Í rekstri Strætó vegur hækkun á launakostnaði og olíuverði um 70% af heildar rekstrarkostnaði.

Almennt staðgreiðslugjald og stakt fargjald í appinu verður 440 kr., sem er hækkun um 4,8%, en staðgreiðsla og stakt fargjald í appinu fyrir börn yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja hækka ekki. Önnur fargjaldaform eins og farmiðar og kort hækka í kringum 4,0%.

Í eigendastefnu Strætó sem samþykkt var í apríl 2013 kemur fram að stefnt skuli að því að fargjaldatekjur standi undir allt að 40% af almennum rekstrarkostnaði Strætó. Í dag standa fargjaldatekjur undir um 32% af almennum rekstrarkostnaði félagsins.

Ný gjaldskrá Strætó mun taka gildi 3. janúar 2017.

3. Hvað má fara í vagninn

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu á verkefninu sem lítur að því að yfirfara reglur um hvað má fara í vagninn. Fyrirspurn til ráðuneytis umhverfismála um breytingu á reglugerð er varðar dýr í strætisvögnum hefur ekki verið svarað formlega.

4. Tímatöflur, stundvísi Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir stundvísi Strætó á háanna tímum, þar kom fram að ákveðnar leiðir á ákveðnum tíma dags standast ekki tímatöflur og að ástandið er verst seinnipartinn á virkum dögum.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra koma með tillögur að aðgerðum til úrbóta.

5. Ábendingarkerfi Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir endurbætur á ábendingarkerfi Strætó, í þeim tilgangi að gera það enn skilvirkara, m.a. með því að uppfæra ábendingarkerfið, bæta verklag innanhús varðandi skráningar og eftirfylgni við ábendingum.

6. Vagnafloti Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir vagnaflota Strætó þar sem fram kom að, miðað við núverandi leiðakerfi og aksturshlutfall Strætó á móti verktökum, þurfi að fjölga vögnum í reglulegri notkun hjá Strætó um átta. Fjölgun vagna í reglulegri notkun hefur leitt til þess að ekki hefur verið hægt að afskrifa elstu vagnana eins og til stóð samkvæmt núverandi endurnýjunaráætlun. Elstu vagnarnir sem eru í notkun eru allt að 18 ára og keyrðir allt að 1,2 milljónum km, viðkomandi vagnar eru mjög óhagkvæmir í rekstri.

Gert er ráð fyrir að 4 nýir rafmagnsvagnar verði teknir í notkun um mitt næsta ár og að gengið verði frá kaupum á allt að 8 nýjum vögnum í byrjum árs 2017 og þeir verði afhentir næsta haust.

7. Vogahverfi - skiptistöð

Fyrir fundinum lá minnisblað um þar sem farið yfir kosti þess að koma upp skiptistöð í Elliðaárvogi sem myndi leysa af skiptistöð í Ártúni.

Stjórn fagnar framkominni tillögu og samþykkir að fela framkvæmdastjóra að senda minnisblaðið til umsagnar til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

8. Innri endurskoðun

Á fundinn kom innri endurskoðandi Sif Einarsdóttir og Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Strætó og fóru þau yfir áherslur innri endurskoðenda félagsins á árinu 2017 og innri endurskoðunaráætlun 2017-2019.

9. Mælaborð janúar til nóvember 2016

Fjármálastjóri lagði fram yfirlit yfir helstu lykilstærðir í rekstri Strætó fyrir tímabilið janúar - nóvember 2016.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:30

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson
Sigrún Edda Jónsdóttir

Bryndís Haraldsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir

Fylgiskjöl:

- Gjaldskrá Strætó - fréttatilkynning
- Mælaborð janúar–nóvember 2016
- Minnisblað, skiptistöð í Elliðaárvogi, dagsett 6.12.2016